

Nd.

679. Frumvarp til laga

[223. mál]

um verzlun ríkisins með áfengi, tóbak og lyf.

(Eftir 3. umr. í Ed., 8. maí.)

I. KAFLI

Um áfengis- og tóbaksverzlun.

1. gr.

Ríkisstjórninni einni er heimilt að flytja inn frá útlöndum vínanda og áfengi, sem flytja má til landsins og í er meira en $2\frac{1}{4}\%$ af vínanda að rúmmáli. Þó er öðrum aðilum heimilt að flytja til landsins varning, sem inniheldur vínanda, hafi hann verið gerður óhæfur til drykkjar og öruggt, að ekki sé kleift að gera hann drykkjarhæfan.

Enn fremur er ríkisstjórninni einni heimilt að flytja inn frá útlöndum tóbak, hvort heldur er unnið eða óunnið, og til hvers sem það er ætlað, svo og vindlinga-pappír og eldspýtur.

Lög þessi taka ekki til skipa og flugvéla, sem koma í landhelgi og hafa innanborðs áfengi eða tóbak sem hluta af tollfrjálsum forða, ef með þann varning er farið samkvæmt sérákvæðum laga. Ráðherra er heimilt að setja sérreglur um innflutning ferðamanna og áhafna skipa og flugvéla á áfengi og tóbaki.

2. gr.

Áfengis- og tóbaksverzlun ríkisins annast innflutning vínanda, áfengis og tóbaks, samkvæmt lögum þessum, og dreifingu þessara vara undir yfirstjórn fjármála-ráðherra í því skyni að afla ríkissjóði tekna.

Áfengis- og tóbaksverzlun ríkisins einni skal heimil starfræksla tóbaksgerðar, svo og framleiðsla áfengra drykkja annarra en öls.

3. gr.

Fjármálaráðherra ákveður útsöluverð áfengis og tóbaks á hverjum tíma. Álagningarhlutfall á vindlingum (sigarettum) og smávindlum (cigarillos) skal vera þannig, að samkeppnisaðstaða síðarnefndrar vörutegundar gegn vindlingum sé auðvelduð, eftir því sem atvik leyfa.

4. gr.

Fjármálaráðherra skipar forstjóra Áfengis- og tóbaksverzlunar ríkisins, svo og aðra fasta starfsmenn og setur þeim erindisbréf.

5. gr.

Áfengi, sem Áfengis- og tóbaksverzlun ríkisins flytur inn eða framleiðir samkvæmt 1. gr., hefur hún ein heimild til að selja innanlands. Um endursölu áfengis hjá vínveitingahúsum fer eftir ákvæðum sérlaga.

6. gr.

Tóbak það, sem Áfengis- og tóbaksverzlun ríkisins flytur inn og/eða framleiðir, selur hún innanlands í heilidsölu.

7. gr.

Allar vörur, sem Áfengis- og tóbaksverzlun ríkisins selur, skulu merktar með nafni verzlunarinnar og/eða merki hennar.

Umbúðir um vindlinga skulu á áberandi hátt merktar með eftirfarandi áletrun:

VÍÐVÖRUN
VINDLINGAREYKINGAR
GETA VALDIÐ KRABBAMEINI
Í LUNGUM OG HJARTASJÚKDÓMUM

8. gr.

Leggja skal hald á vörur þær, sem lög þessi taka til og inn eru fluttar eða framleiddar í heimildarleysi, og skal afhenda þær Áfengis- og tóbaksverzlun ríkisins til ráðstöfunar.

Vörur, sem hér um ræðir, skulu með dómi eða sátt upptækar til ríkissjóðs.

II. KAFLI

Um verzlun með lyf o. fl.

9. gr.

Íslenzka ríkinu er heimilt að reka lyfjaverzlun og lyfjagerð í tengslum við Áfengis- og tóbaksverzlun ríkisins undir nafninu Lyfjaverzlun ríkisins. Lyfjaverzlun ríkisins er skylt að útvega lyf, sáraumbúðir og hjúkrunargögn fyrir ríki og ríkisstofnanir, þó ekki til endursölu einstaklingum, enn fremur lækna og dýralækna, er rétt hafa til lyfjasölu, svo og sjúkrahús.

Enn fremur skal Lyfjaverzlun ríkisins útvega, í samráði við landlækni, hvers konar efni til ónæmisáðgerða.

10. gr.

Fjármálaráðherra skipar forstjóra fyrir Lyfjaverzlun ríkisins og setur honum erindisbréf. Fullnægi forstjóri Lyfjaverzlunar ríkisins ekki skilyrðum 9. gr. 1.—5. liðar, sbr. 6. lið lyfsölulaga nr. 30 frá 29. apríl 1963, skipar ráðherra sérstakan yfirlyfjafræðing, sem fullnægir greindum lagaskilyrðum.

11. gr.

Áfengis- og tóbaksverzlun ríkisins og Lyfjaverzlun ríkisins skulu hafa sameiginlegt skrifstofuhald, en aðskilinn fjárhag.

12. gr.

Lyfjaverzlun ríkisins fer með einkaréttindi Áfengis- og tóbaksverzlunar ríkisins að því er varðar vinnanda til lyfja og vinnandalyf. Forstjóri Lyfjaverzlunar ríkisins ber ábyrgð á afgreiðslu vinnanda til lækninga og rannsóknastofa.

13. gr.

Lyfjaverzlun ríkisins er heimilt að flytja inn frá útlöndum, vinna úr, verzla með og flytja út þau lyf og efni, sem heyra undir lög um tilbúning og verzlun með ópíum og fleira, nr. 14 frá 20. júní 1923, sbr. lög nr. 43 frá 2. maí 1968, um breyting á þeim lögum, í samræmi við lög og aðrar stjórnlagareglur, eins og þær eru á hverjum tíma.

III. KAFLI

Almenn ákvæði.

14. gr.

Ráðherra er heimilt að kveða nánar á um framkvæmd laga þessara með reglugerð.

15. gr.

Með mál út af brotum gegn lögum þessum skal fara að hætti opinberra mála, og varða brot sektum, nema varði þyngri refsingum samkvæmt öðrum lögum.

16. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1969.

Jafnframt falla þá úr gildi eftirtalin lög:

Lög nr. 69 frá 7. maí 1928, um einkasölu á áfengi, með síðari breytingum. Lög nr. 58 frá 8. september 1931, um einkasölu ríkisins á tóbaki, með síðari breytingum. Lög nr. 65 frá 10. desember 1934, um einkasölu á eldspýtum og vindlingapappír, og lög nr. 3 frá 2. marz 1961, um sameining rekstrar Áfengisverzlunar ríkisins og Tóbakseinkasölu ríkisins.